



RÍKISLÖGREGLUSTJÓRI

Reykjavík mánudagur, 27. febrúar 2024

Tilvísun: 2023110237

Alþingi
Kirkjustræti
150 Reykjavík

Umsögn ríkislögreglustjóra um tillögu til þingsályktunar um upplýsingamiðlun um heimilisofbeldismál, 65. mál.

Ríkislögreglustjóri vísar til beiðni allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis frá 27. nóvember 2023 um umsögn um tillögu til þingsályktunar um upplýsingamiðlun um heimilisofbeldismál (þskj. 65, 65. mál á 154. löggjafarþingi.)

Með tillögunni er lagt til að dómsmálaráðherra skipi starfshóp sem verði falið að móta tillögur um bætt verklag um miðlun upplýsinga um heimilisofbeldismál á milli kerfa barnaverndaryfirvalda, félagsþjónustu sveitarfélaga, heilbrigðisstofnana, skóla og lögregluembætta. Starfshópnum verði m.a. falið að móta tillögur um rýmri lagaheimildir til miðlunar upplýsinga um heimilisofbeldi milli félagsmálayfirvalda, heilbrigðisyfirvalda, menntamálayfirvalda og lögreglu og koma á fót samstarfsvettvangi stjórnvalda. Tillagan er hér endurflutt og hefur ríkislögreglustjóri áður veitt umsögn við tillöguna, 126. mál á 153. þingi sem vísast hér til.

Ríkislögreglustjóri ítrekar afstöðu sína að mikilvægt er að styrkja heimildir fyrir barnavernd, félagsþjónustu, heilbrigðisþjónustu, skóla og lögreglu til að miðla upplýsingum sín á milli og vinna þverfaglega saman að öryggis- og aðgerðaáætlun til að vernda brotþola heimilisofbeldis gegn ítrekuðu ofbeldi.

Dómsmálaráðherra hefur styrkt lagaheimildir lögreglu til gagnkvæms samstarfs með lögum nr. 50/2021. Sambærilegar lagaheimildir þarf að setja inn í önnur lög sem heyra undir önnur málefnasvið, og má þar nefna lög um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 og stjórnarsýslulög nr. 37/1993. Félags- og vinnumarkaðsráðherra hefur unnið að mótun slíkra laga- og reglugerðarbreytinga. Starfshópur ráðherra skilaði af sér tillögum í mars 2023.¹ Lúta tillögur hópsins m.a. að upplýsingamiðlun milli stofnana og þverfaglegs samráðs til verndar og stuðnings vegna heimilisofbeldis og að heimild til þess verði færð í lög. Í framhaldinu skipaði ráðherra starfshóp um útfærslu tillagna um fyrirkomulag þjónustu vegna ofbeldis. Við vinnuna var starfshópnum ætlað að hafa til hliðsjónar niðurstöður greiningar á stöðu þjónustumiðstöðva sem veita þolendum ofbeldis stuðning og ráðgjöf sem unnin var að beiðni ríkislögreglustjóra að frumkvæði dómsmálaráðherra í samvinnu við félags- og vinnumarkaðsráðherra og heilbrigðisráðherra.²

¹ Vefsíða Stjórnarráðs Íslands (2. júní 2023). Þjónusta vegna ofbeldis: Starfshópur skilar tillögum. Sótt af <https://www.stjornarradid.is/efst-a-baugi/frettir/stok-frett/2023/06/02/Thjonusta-vegna-ofbeldis-Starfshopur-skilar-tillogum/>
² Vefsíða Stjórnarráðs Íslands (e.d.). Starfshópur um útfærslu tillagna um fyrirkomulag þjónustu vegna ofbeldis. Sótt af <https://www.stjornarradid.is/raduneyti/nefndir/nanar-um-nefnd/?itemid=456033aa-1cc4-11ee-9bbb-c406dc543c78>

RÍKISLÖGREGLUSTJÓRI

Félags- og vinnumarkaðsráðherra í samvinnu við heilbrigðisráðherra hefur einnig unnið að endurskoðun á stuðningskerfi við einstaklinga með skerta starfsgetu. Konur hafa á hverjum tíma verið um 60% af örorkulífeyrisþegum og munurinn milli karla og kvenna eykst með aldri. Þannig má rekja stærstan hluta fjölgunar örorkulífeyrisþega á tímabilinu 2008-2019 til kvenna 50 ára og eldri, eða 42,3%. Það er meira en framlag allra karla til fjölgunarinnar, sem nam 38,8% af heildinni.³ Rannsóknir hafa sýnt mikil áhrif kynbundins ofbeldis á heilsufar kvenna, þ.m.t. líkamlegir áverkar, geðrænn vandi þar á meðal þunglyndi, kvíði og áfallastreituröskun, fylgikvilla á meðgöngu og áunnins fíknivanda. Slíkt hefur verið staðfest m.a. í rannsókninni Áfallasaga kvenna sem náði til 31.811 íslenskumælandi kvenna, 18 ára og eldri árið 2018.⁴ Þetta bætist við aðra áhrifaþætti á heilsu kvenna, þar á meðal kynbundinn vinnumarkað og umönnunarbyrði kvenna.

Meginþunginn af þjónustu vegna afleiðinga ofbeldis hefur lengi vel verið á borði frjálsra félagasamtaka og félagsþjónustu sveitarfélaga og til hliðar við opinber stuðningskerfi við fólk með skerta starfsgetu, þ.m.t. geðheilbrigðisþjónustu og heilbrigðis- og starfsendurhæfingu. Í drögum að frumvarpi sem nú er til meðferðar í samráðsgátt stjórnvalda er í fyrsta sinn tekið af skarið að þjónusta og greiðslur eigi einnig við þegar heilsubrest einstaklings má rekja til áfalla, en ekki aðeins sjúkdóma og slysa.⁵

Lögfesting slíkra ákvæða yrði mikið framfaraskref.

Fyrir hönd embættis ríkislögreglustjóra

Eygló Harðardóttir
Verkefnastjóri afbrotavarna

³ Kolbeinn H. Stefánsson (2020). *Fjöldapróun örorkulífeyrisþega á Íslandi 2008-2030*. Öryrkjabandalagið. Sótt af vefsíðunni <https://www.obi.is/static/files/skjol/pdf-skyrslur/2019-09-sky-rsla-fjo-ldathro-un-o-bi-khs-utg-1.pdf>

⁴ Áfallasaga kvenna (2018). *Fyrstu niðurstöður*. Sótt af vefsíðunni <https://afallasaga.is/nidurstodur/>

⁵ Félags- og vinnumarkaðsráðuneytið (15. febrúar 2024). *Drög að frumvarpi vegna endurskoðunar örorkulífeyriskerfisins*. Samráðsgátt. Sótt af vefsíðunni <https://island.is/samradsgatt/mal/3682>